

GJALDSKRÁ

fyrir gæðamat á æðardúni.

1. gr.

Dúnmatsmenn skulu fá greidda þóknun fyrir gæðamat á æðardúni sem hér segir:
Grunngjald fyrir hverja heimsókn/útkall 11.341 kr.
Auk grunngjalds reiknast 534 kr. fyrir hvert metið kíló af fullhreinsuðum æðardúni.

2. gr.

Þurfi dúnmatsmenn að aka sérstaklega á matsstað, skulu þeim greiddir aksturspeningar í samræmi við auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 1/2023, um akstursgjald ríkisstarfsmanna.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. laga um gæðamat á æðardúni nr. 52/2005 og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá fyrir gæðamat á æðardúni nr. 674/2023.

Matvælaráðuneytinu, 2. janúar 2025.

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.